

gegn stefndu. Þá hafa áfrýjendurnir ekki heldur sannað, að stefnda hafi verið sóðafengin með mat, er telja verður meiðandi fyrir hana, er hún var í slíkri stöðu, er að fram-
an getur. Það verður því að telja það rétt, að 219. gr. hinna almennu hegningarlaga er beitt gegn áfrýjendum í bæjarþingsdóminum út af þessu og ummælin dæmd ómerk og áfrýjendur látnir bera málskostnað. Þar sem sektin virðist þar og hæfilega ákveðin, ber að staðfesta bæjarþingsdóminn að öllu leyti. Og eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum in solidum að greiða stefndu 20 kr. í málskostnað fyrir landsyfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjendurnir Sigríður Guðjónsdóttir, Anna Runólfsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Þóra J. Einars-
son, Nicolaj Hansen og Jórunn Bjarnadóttir, skulu greiða stefndu, Sigríði Jónsdóttur, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt 20 kr. í málskostnað fyrir landsyfirdómi.

Dóminum' að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirt-
ingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 40/1909:

Ingólfur Kristjánsson
gegn

Birni Líndal fyrir hönd
hlutafélagsins Jaðar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi Björn Líndal cand. juris

fyrir hönd hlutafélagsins Jaðar í Stafangri fyrir gestarétti Akureyrarkaupstaðar á hendur áfrýjanda Ingólfi skipstjóra Kristjánssyni út af vanskilum á salti og tunnnum, er áfrýjandi tók til flutnings til síldarútgerðar félagsins á Íslandi.

Urðu þau úrslit málsins fyrir gestaréttinum, að áfrýjandi var með dómi réttarins, uppkveðnum 20. júní þ. á., dæmdur til að greiða stefnda fyrir hönd hlutafélagsins 1150 kr. fyrir saltið og tunnurnar og skaðabætur alt að 2375 kr. eftir dómkvaddra manna mati, báðar þessar upphæðir með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. júlí þ. á., og krafist þess að dóm-inum verði breytt þannig, að ídæmd upphæð kr. 1150,00 verði færð niður í kr. 1035,00 og að hann verði sýknaður bæði af skaðabótakröfu og vaxtakröfu stefnda, en að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Hinn stefndi hefir eigi mætt né látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt honum sé löglega stefnt, og verður því málið dæmt eftir framlögðum gögnum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Í júlímánuði 1907 var áfrýjandi í Stafangri í Noregi á skipi sínu Gróttu og ætlaði þaðan til Eyjafjarðar. Ræðist þá svo fyrir milligöngu Ingimundar nokkurs Einars-sonar, að áfrýjandi tók til flutnings af hlutafélaginu Jaðar 250 tunnur fyltar salti og tómar tunnur, er stefndi taldi verið hafa 69 að tölu, en áfrýjandi að eins 50; kemur hin síðari talan að eins til greina eins og málið liggur fyrir yfirdóminum. Flutning þennan átti áfrýjandi að afhenda skipi félagsins »Magdalene« á Eyjafirði við Hrísey

eða á Siglufirði, að sögn stefnda, en að sögn áfryjanda var eigi annar afhendingarstaður tiltekinn en Hrísey á Eyjafirði. Farmskírteini (Konnossement) gaf áfryjandi eigi út, og eigi var neinn annar skriflegur samningur gjörður um flutninginn. Þegar áfryjandi kom til Hríseyjar á Eyjafirði hitti hann eigi Magdalene þar, en á Akureyri frétti hann, að hún væri á Siglufirði. Hann tók þá það ráð, að flytja saltið og tunnurnar í land á Akureyri eða meiri hluta þess, en síðan hefir flutningurinn ekki komið til skila eins og tilætlað var, eða félaginu á annan hátt verið gjörð grein fyrir honum.

Stefndi heldur því fram, eins og fyr er getið, að áfryjandi hafi skuldbundið sig til að fara inn á Siglufjörð, en hafi eigi að eins vanrækt það, heldur og siglt fram hjá Hrísey, án þess að spyrjast þar fyrir um Magdalene, beint til Akureyrar, og þar hafi hann ráðstafað flutningnum í sínar þarfir, selt sumt af honum 2 kaupmönnum þar en farið með sumt aftur, siglt með það framhjá Siglufirði og verið lengi með það í hafi, en loksins fengið það í hendur óviðkomandi, miður áreiðanlegum manni á Siglufirði, sem aldrei hafi skilað því aftur, og um allar þessar ráðstafanir hafi Magdalene eða stefndi enga vitneskju fengið fyrir en eftir að síldveiðitíminn var úti. Fyrir þessi samningsrof áfryjanda tjáist félagið hafa beðið 2375 kr. tjón, með því að Magdalene hafi vegna saltleysis orðið að fleygja 475 tunnum af síld, er það metur 5 kr. virði hverja.

Áfryjandi hefir tekið það fram, að skip hans Grótta sé fiskiskip, ekki flutningaskip, að hér sé um tækifærisflutning að ræða og að ekkert farmskírteini hafi verið gefið út; fyrir því lítur hann svo á, að eigi verði beitt jafnströng-

um reglum um flutning þenna eins og þegar um venjulegan vöruflutning er að ræða. Að öðru leyti heldur áfryjandi því fram, að um annan affermingarstað en Hrisey hafi eigi verið samið, en þar hafi Magdalene ekki verið þegar hann kom á Eyjafjörð, og þar hafi hann ekki getað fengið áreiðanlegar fregnir um hvar hún væri. Þegar hann kom til Akureyrar, hafi hann þurft að losna við flutninginn sem fyrst, til þess sð komast út á síldveiðar, en það hafi verið vandkvæðum bundið og töluverðum kostnaði, að afferma flutninginn þar í móttakandans nafni; hafi hann því álitid haganlegast fyrir Magdalene, að láta saltið og tunnurnar til tveggja kaupmanna á Akureyri í skiftum fyrir sömu vörur, er þeir skyldu afhenda Magdalene á Siglufirði, og með því hann hafi þá fengið að vita, að skipið væri þar, hafi ráðstöfun verið gjörð til þess, að því væri skilað vörunum á Siglufirði 4—5 dögum síðar, en þá hafi skipið verið farið þaðan, svo að ekki hafi náðst til þess. En hinu neitar áfryjandi, að hann hafi tekið neitt af vörunum með sér frá Akureyri.

Það verður nú ekki álitid skifta máli um ábyrgð áfryjanda á margnefndum flutningi, að hann gaf ekki út farmskírteini eða að skip hans var ekki vöruflutningaskip, en það verður að meta skyldu hans í þessu efni eftir venjulegum reglum og eftir því sem upplýst er um samning hans við hlutafélagið.

Það er enginn vafi á því, að hlutafélagið ætlaðist til að flutningnum yrði skilað í margnefnt skip, Magdalene, og því er ekki uótmælt, að aðalstöðvar skips þessa hafi verið á Siglufirði sumarið 1907 um síldarveiðitímann. Þetta gjörir það sennilegt, að félagið hafi tilnefnt Siglufjörð auk Hriseyjar, sem viðtökustað flutningsins, og áskil-

ið að hann yrði afhentur Magdalene á hvorum staðnum sem hún yrði, er áfrýjandi kæmi til Eyjafjarðar, og með því að vegarlengdin frá mynni Eyjafjarðar inn á Siglufjörð er svo stutt, að það hefði eigi verið nein veruleg töl fyrir áfrýjanda að fara þangað inn, verður og að telja það sennilegt, að hann hefði ekki látið það standa fyrir samningum, að skila flutningnum á Siglufirði. Og að áfrýjandi hafi lofað þessu, styðst enn fremur við vitnisburð fyrnefnds Ingimundar Einarssonar, sem hann hefir staðfest með eiði, en hann ber það, að áfrýjandi hafi að sér áheyranda lofað ráðsmanni hlutafélagsins að skila flutningnum í Magdalene við Hrísey á Eyjafirði eða á Siglufirði, og að ráðsmaðurinn hafi tekið það fram við áfrýjanda, að skipið mundi að öllum líkindum liggja á Siglufirði, þegar hann kæmi til Íslands. Áfrýjandi telur þetta vitni vilhalt, af því það hafi verið viðriðið samninga um flutninginn. En með því að ekkert er í málinu komið fram um það, að úrslit þess geti á nokkurn hátt snert hagsmuni vitnisins, verður framburður þess að hafa fult gildi, og virðist eftir öllum málavöxtum mega telja þetta næga sönnun fyrir loforði áfrýjanda um að skila flutningnum á Siglufirði, ef til kæmi.

En þó að þessi sönnun þætti ekki nægileg, verður þó eigi séð, að meðferð áfrýjanda á flutningnum hafi að öðru leyti verið svo óaðfínanleg eða svo vel ráðin í þarfir stefnda, að það geti firrt áfrýjanda allri ábyrgð. Það er viðurkennt, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að flytja vörurnar í Magdalene liggjandi við Hrísey, en þegar hann hitti eigi skipið þar og taldi sér óskýlt að leita þess annarstaðar, lá það beint við að færa flutninginn í land í Hrísey, þar sem búast mátti við að skipið mundi

síðar koma, en áfryjandi gjörði enga tilraun til þess, þó að eigi sé upplýst, að nein vandkvæði hefðu verið á því, vegna veðurs eða af öðrum ástæðum. Þá verður það og eigi séð eða talið sannað, að nein nauðsyn hafi knúð áfryjanda til að ráðstafa flutningnum á Akureyri, eins og hann gjörði, og þó að hann hefði álitid framangreind skifti á saltinu haganleg fyrir hlutafélagid, bar honum að sjálfsögðu, jafnframt og hann gjörði þau, að annast um að félagid eða Magdalene fengi sem fyrst vitneskju um þessa ráðstöfun, en það er eigi sannað gegn mótmælum stefnda, að áfryjandi hafi gjört neina gangskör í þá átt. Það verður því að fallast á þá skoðun undirdómarans, að ráðstöfun áfryjandu á farminum hafi eigi verið réttmæt, enda virðist viðurkenning um þetta felast í því, að áfryjandi hefir boðid fram borgun fyrir vörurnar. Það verður þá að skylda áfryjanda til að endurgjalda stefnda andvirði farmsins. Um verð hans, kr. 1150,00 er enginn ágreiningur, en áfryjandi krefst, að frá þessari upphæð verði dregid vangoldid flutningsgjald 100 kr., og 15 kr. fyrir vinnu við að láta saltid í tunnurnar áður en hann tók það í skipid, samtals 115 kr., þannig að honum gjörist eigi að greiða stefnda meir en 1035 kr., vaxtalaust. Það er viðurkent, að áfryjandi hafi meðtekið 150 kr. fyrir flutning á farminum, en hann heldur því fram, að samið hafi verið um 250 kr., svo að stefndi eigi sér enn ógreiddar 100 kr. af þessu gjaldi. En þetta er ósannað og vefengt af stefnda, og þó að samið hafi verið um hærra flutningsgjald en stefndi viðurkennir, verður áfryjandi eigi talinn eiga tilkall til þess, er á kann að vanta, eða annarar greiðslu út af flutningnum, þar sem hann samkvæmt framansögðu hefir eigi uppfyllt flutningssam-

inginn af sinni hálfu. Nefndar 115 kr. verða því eigi dregnar frá kröfu stefnda, en áfrýjanda ber að greiða honum 1150 kr. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags. En um frekari vexti verður ekki að ræða, með því að stefndi hefir ekki áfrýjað gestaréttardóminum.

Skadabótakrafa stefnda styðst við það, eins og áður er sagt, að Magdalene hafi orðið að fleygja 475 tunnum af síld fyrir það, að henni brást saltið með Gróttu. Áfrýjandi mótmælir þessari kröfu eindregið og telur hana fjarstæðu. Stefndi hefir nú eigi heldur reynt að sanna, að hann hafi beðið þetta tjón af völdum áfrýjanda, og hann hefir jafnvel eigi sýnt fram á, að Magdalene hafi verið kunnugt um, að salt handa henni væri væntanlegt með Gróttu, svo að hún fyrir þá sök hefði haft ástæðu til að draga að útvega sér salt annarstaðar, eða að skortur hefði verið á þessari vöru á Eyjafirði og Siglufirði, svo að slíku tjóni hefði eigi orðið afstýrt, ef til hefði komið. Stefnda verða því eigi dæmdar skadabætur, en það verður að sýkna áfrýjanda af þeirri kröfu og breyta hinum áfrýjaða dómi að því leyti. En ákvæði hans um málskostnað staðfestist.

Málakostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Ingólfur Kristjánsson greiði stefnda Birni Lindal fyrir hönd hlutafélagsins Jaðar 1150 kr. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í þessu máli.

Málkostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. nóvember.

Nr. 20/1909:

Tómas Jónsson
gegn
Friðgeiri Hallgrímssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls, Tómas Jónsson á Eskifirði, lögsótti hinn stefnda, Friðgeir Hallgrímsson sama staðar, til að greiða sér skaðabætur, 1000 kr. auk vaxta, fyrir skemdir, er urðu á eigum hans haustið 1907, er eldur kom upp í svokölluðu Finnshúsi á Eskifirði, og var málið dæmt í aukarétti Suður-Múlasýslu 26. oktbr. f. á. þannig, að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjandanum í skaðabætur 100 krónur, og í málskostnað 25 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. apríl þ. á., og hefir hann fengið leyfisbréf til að leggja fram ný skjöl og skilríki í málinu, og krafist þess fyrir yfirdómi, að verði það ekki álitid sannað í málinu, eins og það liggur fyrir, að áfrýjandi hafi leigt herbergi í Finnshúsi til eins árs, þá verði það atriði látið koma undir eiði, að dóminum verði